

**Ed.**

**28. Frumvarp til laga**

[27. mál]

um breyting á lögum nr. 84 6. júlí 1932, um bifreiðaskatt o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 68. löggjafarþingi, 1948.)

1. gr.

Auk þess innflutningsgjalds af benzíni, sem innheimta skal samkvæmt fyrir-  
mælum a-liðar 1. gr. laga nr. 84 6. júlí 1932, 4 aura af hverjum lítra, skal innheimta  
5 aura innflutningsgjald af hverjum lítra á árinu 1948. Ákvæði nefndra laga nr. 84  
1932 gilda um innheimtu og endurgreiðslu þessa viðbótarinnflutningsgjalds.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi, samkvæmt 28. gr. stjórnarskrár-  
innar, vísast til fylgiskjals hér á eftir.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 84 6. júlí 1932, um bifreiðaskatt o. fl.

**FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Fjármálaráðherra hefur tjáð mér, að láðst hafi að framlengja  
fyrirmæli 1. gr. laga nr. 53 7. maí 1946, um 5 aura viðbótarinnflutningsgjald  
af benzíni. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1948 var gert ráð fyrir þessu  
viðbótarinnflutningsgjaldi og í fjárlögunum er áætlun á innflutningsgjaldi  
af benzíni ekki lækkuð, þannig að sjá má að Alþingi hefur gert ráð fyrir  
viðbótinni. Nú skortir hins vegar lagaheimild til að innheimta umrædda við-  
bót, og telur ráðuneytið, að nauðsynlegt sé að fá slíka heimild, til þess að  
innflutningsgjaldið sé löglega innheimt.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt heimild í 28. gr.  
stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Auk þess innflutningsgjalds af benzíni, sem innheimta skal samkvæmt fyrir-  
mælum a-liðar 1. gr. laga nr. 84 6. júlí 1932, 4 aura af hverjum lítra, skal innheimta  
5 aura innflutningsgjald af hverjum lítra á árinu 1948. Ákvæði nefndra laga nr. 84  
1932 gilda um innheimtu og endurgreiðslu þessa viðbótarinnflutningsgjalds.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 16. júlí 1948.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Jóhann P. Jósefsson.*